

Lóan er komin (27. mars 2017)

Fjórar heiðlóur sáust á flugi við Einarslund á Höfn í morgun og eru það fyrstu lóurnar sem fréttist af þetta vorið. Þetta kemur fram í Fésbókarfærslu Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands, þar segir einnig að óvenju margar heiðlóur hafi verið með vetursetu á Suðvestanverðu landinu.



Koma lóunnar er táknræn fyrir komu sumarsins, en hún kveður burt snjóinn eins og segir í ljóði Páls Ólafssonar (1827 - 1905):

*Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér, að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefir sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefir sagt mér að vakna og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.*



(heið)lóa f: kulík zlatý
sjást: být viděn
fréttast af e-u: je slyšet o (něčem), roznáší/šíří se zpráva
koma fram: vycházet najevo, vyplývat
fés n: ksicht, držka (fésbók = facebook)
færsla f: 1. přesun; 2. převod (bankovní); 3. záznam
fugl m (-s, -ar): pták
athugun f (-unar, -anir): zkoumání, pozorování
stöð f (-var, -var): stanice, středisko
Suðausturland: Jihovýchod (Islandu)
óvenju: nezvykle, neobvykle, nevídaně
veturseta f: zimoviště
suðvestanverður: jihozápadní
koma f: příchod

táknrænn: symbolický (<tákn n: znak, symbol, znamení)
kveða (kveð, kvað, kváðum, kveðið): pravit; přednést, recitovat; (za)pět, (za)zpívat
burt: pryč
leiðindi n pl: špatná nálada, nuda, mrzutost
senn: záhy, brzy
spói m: koliha
blómstur n: (roz)květ
tún n: humno, louka (typicky obhospodařovaná)
segja e-m til syndanna: vynadat, vyhubovat (někomu) (<synd f (-ar, -ir): hřích, prohřešek, provinění)
ekki hót: ani v nejmenším
vonglaður: plný naděje, šťastný (<von f (-ar, -ir): naděje)
taka mót / á móti e-u: přijmout (něco)